


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>ÍSLXS36</b>	
	<b>Námsáætlun – Haustönn 2015</b>	

<b>Kennari</b>	Svanhildur Daníelsóttir	<b>Sk.st.</b>	SVA
----------------	-------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Unnið verður markvisst að því að þjálfa lestur, auka leshraða, bæta lesskilning og skilning á orðtökum og myndmáli. Jafnframt að efla málskilning, málnotkun, hlustun, tjáningu, samræður og ritun.

**Markmið:** Að auka og efla...

þekking: orðaforða, lesskilning, víðsýni, samfélags- og menningarlæsi

leikni: lestrarfærni, ritun, tjáningu, hlustun og trú á eigin getu

hæfni: að geta:

lesið/hlustað sér til gagns og ánægju

tjáð sig á mæltu og rituðu máli

tekið þátt í samræðum og rökræðum


hlustað á og virt sjónarmið annarra

lagt mat á eigin frammistöðu (sjálfsmat)

**Námsgögn:** Lesefni ýmiskonar s.s. íslensk skáldsaga og lesefni sem tengist málefnum líðandi stundar, úr dagblöðum, tímaritum og veraldarvefnum. Byrjað verður á að lesa og vinna með sakamálasöguna *Blóðberg*, e. Ævar Örn Jóseppson (Mál og menning, 2006) **nemendur fá bókina lánaða í skólanum**. Verkefnablöð sem kennari útbýr og nemendur safna saman í vinnubók, vídeoupptökur og íslenskar kvikmyndir (tilkynnt síðar). Öll verkefni unnin í tengslum við viðkomandi lesefni. Lesefnið er ekki ákveðið fyrirfram að undanskilinni skáldsögunni, heldur ræðst af því sem hæst ber hverju sinni í samfélaginu/fréttum.

**Áætlun um yfirferð og verkefni:**

vika	viðfangsefni	verkefni
vika 35-41	<b>Blóðberg</b> , samlestur í öllum kennslustundum <b>Blóðberg</b> , munnleg og skrifleg verkefni í öllum kennslust. <b>dagblöð og tímarit</b> , málefni líðandi stundar - af og til í hverri viku	skriflegar spurninga úr efninu í öllum kennslustundum, 1 krossapróf samræður, rökræður, framsögn, tjáning samræður, útdrættir og stutt ritunarverkefni um fréttir og málefni líðandi stundar

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	<b>ÍSLXS36</b>	
Síða 2 af 2	<b>Námsáætlun – Haustönn 2015</b>	

		sjálfsmat í hverri viku
Vika 42-48	<p><b>Blóðberg</b> - áfram þar til bókinni er lokið</p> <p><b>framsögn/tjáning</b> – af og til</p> <p><b>tvær íslenskar kvikmyndir</b>, tilkynnt síðar</p> <p><b>dagblöð og tímarit</b>, málefni líðandi stundar - af og til</p>	<p>sömu verkefni áfram þar til bókinni er lokið, 1 krossapróf</p> <p>frásagnir frá ræðupúlti upptökur á myndband</p> <p>stutt skrifleg verkefni</p> <p>samræður, útdrættir og stutt ritunarverkefni um fréttir og málefni líðandi stundar</p> <p>sjálfsmat í hverri viku</p>

**Áfanginn er próflaus símatsáfangi og metinn með staðið S eða fallið F. Til að standast áfangann S þarf nemandinn að hafa skilað og tekið þátt í 50% verkefnanna.**

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Lestur og skriflegar spurningar úr Blóðbergi	15%
Tvö krossapróf úr Blóðbergi	10%
Samræður, rökræður og tjáning um Blóðberg	15%
Útdrættir og ritunarverkefni úr tímaritum/dagblöðum/af vef	15%
Framsögn frá púlti og þátttaka í myndbandsupptökum	15%
Tvö verkefni úr kvikmyndum	10%
Ástundun í kennslustundum	10%
Þátttaka í sjálfsmati	10%

**Annað sem kennari vill að komi fram:**

Með samlestri er átt við að kennari og nemendur skiptast á að lesa í kennslustundum eftir því sem kostur er, allir eru með bók og fylgjast með. Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu og nemendur eru því eindregið hvattir til að mæta vel í kennslustundir.

**Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.**

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils